


AFSTÖÐUMYND 1:500

HLÍÐARBRAUT 10 - HAFNARFIRÐI

LANDEIGNANÚMER - L120893
STÆRÐ LÓÐAR - 521,6 M²
NOTKUNARFLOKKUR: 2
HÖNNUNARSTJÓRI: JÓN HRAFN HLÖÐVERSSON 260662-6519

## BYGGINGARLÝSING:

### 1. HÚSGERÐ:

LÓÐIN HLÍÐARBRAUT 10 ER EIN LÓÐ 521,6 M² AÐ FLATARMÁLI. Á LÓÐINNI ER GERT RÁÐ FYRIR TVEGGJA HÆÐA EINBÝLISHÚSI, MEÐ INNBYGGÐUM BÍLSKÚRUM. AÐGENGI AÐ LÓÐINNI ER FRÁ HLÍÐARBRAUT. HÚSIÐ ER EINN MATSHLUTI.

AÐAL AÐKOMUHÆÐ ÍBÚÐAR ER INN Á 1.HÆÐ. ÞAR ER ANDDYRI, INNBYGGÐUR BÍLSKÚR MEÐ INNTÖKUM VEITNA, GESTASALERNI ÁSAMT DAGÁLMU ÍBÚÐARINNAR. Á EFRI HÆÐ ER KVÖLDÁLMA ÍBÚÐARINNAR. ÞAR ERU 4 SVEFNHERBERGI, SALERNI OG FJÖLSKYLDURÝMI. STEYPTUR PALLASTIGI TENGIR 1. OG 2. HÆÐ.

ALGILD HÖNNUN: ÍBÚÐIN FELLUR EKKI AÐ ALGILDRI HÖNNUN, ÞAR SEM M.A. ER EKKI LYFTA MILLI HÆÐA OG EKKERT SVEFNHERBERGI Á AÐKOMUHÆÐ.

SORP:

Á LÓÐ ER EITT OPIÐ SORPGERÐI. UMGENGNI OG TÆMING ÞESS SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ REGLUR HAFNARFJARÐARBÆJAR. Í ÞVÍ ERU ÞRJÁR SORPTUNNUR, ALLS 720 L. SORPGERÐIÐ ER FORSTEYPT (REI-60), BÆÐI VEGGIR OG ÞAK. OP ÞESS MÁ EKKI SNÚA AÐ HÚSVEGG.

### 2. BYGGINGAEFNI:

BURÐARVIRKI:

AÐAL BURÐARVIRKI BYGGINGARINNAR ER ÚR JÁRNBENTRI STEINSTEYPU, Þ.E SÖKKLAR, BOTNPLATA, ÚTVEGGIR, MILLIPLÖTUR, OG HLUTI MILLIVEGGJA. ÞAK ER BORIÐ UPPI AF TRJÁVIÐUM.

EINANGRUN:

SÖKKLAR OG BOTNPLATA ERU EINANGRUÐ MEÐ 140 mm POLYSTYREN EINANGRUN (U-gildi 0,30 W/m²K). ÚTVEGGIR ERU EINANGRAÐIR MEÐ 120 mm STEINULLAREINANGRUN (U-gildi 0,40 W/m²K) AÐ UTAN. AÐALÞAK ER EINANGRAÐ MEÐ 220 MM STEINULLAR EINANGRUN (U-gildi 0,20 W/m²K). ÞAKSVALIR ERU EINANGRAÐAR MEÐ 250 MM ROOFMATE EINANGRUN OG ÚTBYGGINGAR MEÐ 250 MM POLYSTYREN EINANGRUN (U-gildi 0,20 W/m²K). VEGIÐ MEÐALTALS KÓLNUNARTALA (U-gildil) ÚTVEGGJA SKAL VERA UNDIR 0,80 w/m². (sjá meðfylgjandi varmatapsútreikninga)

GLUGGAR OG GLER:

GLUGGAR ERU HEFÐBUNDNIR EFTIRÁ ÍSETTIR ÁL-TIMBURGLUGGAR ÚR ÞURRKAÐRI FURU. OPNANLEG FÖG OG HURÐIR SKULU VERA ÚR OREGON PINE EÐA SAMBÆRILEGT. GLER SKAL VERA TVÖFALT K-GLER . (U-gildi 1,10 W/m²K). ÞAR SEM FALLHÆÐ UTAN VIÐ GLUGGA ER 2,0 M EÐA MEIRI OG NEÐRI BRÚN GLERS NÆR GÓLFI EN 0,60 M, SKAL GLERIÐ Í GLUGGANUM VERA VIÐEIGANDI ÖRYGGISGLER SAMKVÆMT BR- KAFLA 8.5.2 OG NÆGJANLEGA ÞYKKT TIL AÐ STANDAST FYRIRHUGAÐ ÁLAG. NÁNAR ER VÍSAÐ Í KAFLA 8.5.2. VARÐANDI GLERGERÐ, STYRK, FESTINGAR OG FÓÐRINGAR.

YFIRBORÐ ÚTVEGGJA OG ÞAKS:

ÚTVEGGIR ERU KLÆDDIR LOFTRÆSTRI MÁLMKLÆÐNINGU Í FL.1. AÐALÞAK HÚSSINS ER KLÆTT MEÐ VIÐURKENNDUM MEKASNÍSKT FESTUM ÞAKDÚK Í FL.T (Broof (t2). ÞAKHALLI ER 6°. ÞAKSVALIR ERU KLÆDDAR MEÐ VIÐURKENNDUM ÞAKDÚK Í FL.T (Broof (t2) OG EINANGRUN FERGJUÐ MEÐ STEINHELLUM 60X600X600 MM. FLATT ÞAK Á EINNAR HÆÐAR ÚTBYGGINGUM ER KLÆTT MEÐ VIÐURKENNDUM ÞAKDÚK Í FL.T (Broof (t2). ÞAKDÚK SKAL FERGJA NIÐUR MEÐ 60 MM ÞYKKUM STEINHELLUM. ÞAKHALLI FLATRA ÞAKA SKAL VERA MIN. 1:40.

SVALAHANDRIÐ:

LÉTTBYGGÐ GLERHANDRIÐ MEÐ TVÖFÖLDU SAMLÍMDU ÖRYGGISGLERI VERÐA Á ÞAKSVÖLUM MEÐ SAMFELLDUM HANDLISTA. HÆÐ HANDRIÐS SKAL VERA 1100MM. SKAL FRÁGANGUR VERA Í SAMRÆMI VIÐ GR. 6.5.3. Í BYGGINGARREGLUGERÐ.

STOÐVEGGIR: STOÐVEGGIR Í LÓÐ VERÐA STAÐSETEYPTIR ÞAR SEM VIÐ Á.

LITIR:

GERT ER RÁÐ FYRIR AÐ LITIR HÚSS FALLI SEM BEST AÐ UMHVERFI OG VERÐI Í MILDUM JARÐARLITUM. SKAL NÁNAR UNNIÐ Í SAMRÁÐI AÐALHÖNNUÐ.

INNVEGGIR:

LÉTTIR INNIVEGGIR ERU HLAÐNIR MEÐ GIFS LÉTTSTEINI OG EÐA BYGGÐIR ÚR MÁLMSTOÐUM SEM KLÆDDAR ERU MEÐ GIPSPLÖTUM.

HURÐIR:

GERT ER RÁÐ FYRIR STÖÐLUÐUM INNIHURÐUM. STÆRÐIR VERÐI MIN. SKV. GR. 6.4.3. Í BYGGINGARREGLUGERÐ.

STIGAR-HANDRIÐ-ÚTITRÖPPUR:

GÖNGUHLUTFALLA INNISTIGA SKAL VERA SKV. BYGGINGARRREGLURGERÐ, ÞANNIG AÐ 2 X UPP STIG OG 1 X FRAMSTIG RÚMIST SAMANLAGT INNAN 60-64 CM. HANDRIÐ SKAL VERA STÁL STÁLHANDRIÐ. HÆÐ ÞESS SKAL VERA 0,90 M. FRÁGANGUR SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ KAFLA 6.5.1.-6.5.4. Í BYGGINGARREGLUGERÐ. UPPSTIG ÚTITRAPPA VERÐUR 15 CM OG FRAMSTIG 30 CM.

### 3. BÍLASTÆÐI:

DEILISKIPULAG GERIR LÁGMARKSKRÖFU UM EITT BÍLASTÆÐI PR. ÍBÚÐ.

### 4. TÆKNIBÚNAÐUR:

LAGNALEIÐIR:

NEYSLUVATN, FRÁRENNSLI OG LOFTRÆSTING ERU AÐ MESTU LEYTI STAÐSETTAR Í ÞAR TIL GERÐUM LAGNASTOKKUM EÐA INNVEGGJUM ÍBÚÐAR. HÚSIÐ VERÐUR HITAÐ MEÐ GÓLFHITAKERFI.

HITASTIG NEYSLUVATNS Á TÖPPUNARSTAÐ: MEÐ ÖRYGGISBÚNAÐI NEYSLUVATNSKERFA, T.D. VARMASKIPTI EÐA UPPBLÖNDUNARLOKA, SKAL KOMIÐ Í VEG FYRIR AÐ HITI VIÐ TÖPPUNARSTAÐ FARI YFIR 65°C.

SNJÓBRÆÐSLA:

GERT ER RÁÐ FYRIR AÐ GANSTÉTT AÐ AÐALINNGANGI OG SORPI VERÐI SNJÓBRÆDD, SEM OG BÍLAPLAN. NÁNAR ÚTFÆRT Á SÉRTEIKNINGUM.

GÓLFNIÐURFÖLL:

KOMA SKAL FYRIR GÓLFNIÐURFÖLLUM Í ÖLLUM VOTRÝMUM, ÍBÚÐAR Þ.E. Í ÞVOTTAHÚSUM OG SALERNUM. AUK ÞESS SKAL VERA GÓLFNIÐURFALL Í BÍLGEYMSLU.

LOFTRÆSTING:

ÍBÚÐIN VERÐUR ÚTBÚIN SÉRSTÖKU LOFTRÆSIKERFI (INN OG ÚTSOG) VEGNA VÆNTANLEGRAR SVANSVOTTUNAR. NÁNAR ÚTFÆRT Á SERTEIKNINGUM LAGNAHÖNNUÐA. ELDHÚS SKULU HAFA SÉR VÉLRÆNA LOFTRÆSINGU SEM OG BAÐHERBERGI/ÞVOTTUR.

HLJÓÐVIST:

LOFTHLJÓÐEINANGRUN: EFTIRFARANDI KRÖFUR ERU GERÐAR TIL BYGGINGARINNAR: MILLI ÍBÚÐAR OG RÝMIS UTAN ÍBÚÐAR 55 db SEM UPPFYLLIST MEÐ 180 STEINSTEYPTUM VEGG, 100 MM STEINULLAREINANGRUN OG TVÖFÖLDU GLERI Í GLUGGUM. FULLNÆGJANDI HLJÓÐVIST VERÐUR TRYGGÐ MEÐ ÞVÍ AÐ BEITA ÞEKKTUM LAUSNUM VIÐ UPPBYGGINGU GLERJA, MILLIVEGGJA OG GÓLFEFNA. GÓLFEFNI VERÐA VALIN M.A. MEÐ HÖGGHLJÓÐSTIG Í NÁLÆGUM RÝMUM Í HUGA. ÞAR SEM GERÐAR ERU KRÖFUR TIL ÓMTÍMA VERÐA ÞÆR UPPFYLLTAR MEÐ VIÐEIGANDI HLJÓÐÍSOGSEFNUM.

HLEÐSLUSTÖÐ RAFBÍLA:

TENGIMÖGULEIKUM HLEÐSUSTÖÐVA FYRIR RAFBÍLA VERÐUR KOMIÐ FYRIR VIÐ HÚSIÐ. MÖGULEG STAÐSETNING KEMUR FRAM Á UPPDRÁTTUM.

LÓÐ OG FRÁGANGUR LÓÐARMARKA:

LÓÐIN ER Í TALSVERÐUM HALLA OG ER BRUGÐIST VIÐ HONUM MEÐ STOÐVEGGJUM OG EÐA GRJÓTHLEÐSLUM. KVÖÐ ER UM AÐ KLÖPP (ÁLFAKLETTUR) INNAN LÓÐAR FÁI AÐ HALDA SÉR AÐ MESTU LEYTI. EINNIG ER KVÖÐ UM LAGNALEIÐ Í GEGNUM LÓÐINA. TAKA SKAL FULLT TILLIT TIL GRÓÐURFARS Á AÐLIGGJANDI LÓÐUM MEÐ VERNDUN HANS Í HUGA. GIRÐINGAR ERU HÁÐAR KVÖÐUM DEILISKIPULAGS. FRÁGANGUR Á LÓÐARMÖRKUM ER HÁÐUR SAMÞYKKI LÓÐARHAFA AÐLIGGJANDI LÓÐA . ÓHEIMILT ER AÐ BYGGJA SMÁHÝSI Á LÓÐUM OG LÍTIÐ HÚS Á LÓÐ INNAN BYGGINGARREITS ALLT AÐ 40 M² ER ÓHEIMILT AÐ BYGGJA.

UMHVERFISVOTTUN:

STEFNT ER AÐ ÞVÍ AÐ BYGGINGIN, AÐ FRAMKVÆMDUM LOKNUM HLJÓTI NORRÆNA SVANSMERKIÐ FYRIR UMHVERFISVÆNA HÖNNUN OG EFNISVAL. LÓÐARHAFI ER UMSÓKNARAÐILI UM SVANSVOTTUN OG HEFUR Í UMSÓKN SKILGREINT FORSENDUR VERKEFNIS FYRIR SVANSVOTTUN. SKULU SKYLDUKRÖFUR SVANSVOTTUNAR VERÐA UPPFYLLTAR UMFRAM ÞAÐ SEM FRAM KEMUR Í ALMENNRI BYGGINGARLÝSINGU HÉR AÐ FRAMAN.

## BRUNAVARNIR Í BYGGINGUNNI:

BRUNAKRAFA VEGGJA HÚSSINS SKAL VERA EINS OG FRAM KEMUR Á GRUNNMYNDUM. ÞAKKLÆÐNING SKAL VERA Í FLOKKI T. KLÆÐNING LOFTA OG VEGGJA Í BÍLSKÚR SKAL VERA Í FLOKKI 1 OG KLÆÐNING LOFTA Í ÍBÚÐA SKAL EKKI VERA LAKARI EN Í FLOKKI 2. Í HVERJU HERBERGI SKAL VERA BJÖRGUNAROP. KOMA SKAL FYRIR REYKSKYNJURUM Í BYGGINGUNNI Í SAMRÆMI VIÐ ÞAÐ SEM FRAM KEMUR Á GRUNNMYNDUM.

EFNI OG VINNA SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ BYGGINGARREGLUGERÐ, VIÐKOMANDI ÍST STAÐLA OG REGLUGERÐ UM BRUNAVARNIR.

BRUNAVARNIR Í BYGGINGUNNI SKAL AÐ ÖÐRU LEYTI VERA Í SAMRÆMI VIÐ BYGGINGARREGLUGERÐ. Á UPPDRÁTTUM KEMUR FRAM BRUNAMÓTSSTAÐA BYGGINGARHLUTA, Þ.E. Í AÐALATRIÐUM, EN AUK ÞESS SKAL BYGGINGIN UPPFYLLA EFTIRFARANDI KRÖFUR:

1) BRUNAMÓTSSTAÐA VEGGJA ER UMLYKJA LAGNASTOKKA SKAL VERA EI-60.

2) SLÖKKVITÆKI:
SLÖKKVITÆKI SKULU VERA SKV. ÍST EN 3. SLÖKKVITÆKI SKAL VERA Í HVERRI ÍBÚÐ.
SLÖKKVITÆKI SKAL VERA Í BÍLSKÚR.

3) ALLAR ÍBÚÐIR SKULU VERA ÚTBÚNAR VIÐURKENNDUM REYKSKYNJURUM

TÁKN:

| | |
|---|---|
| REI-60 | BRUNAMÓTSSTAÐA VIÐKOMANDI BYGGINGARHLUTA |
| REI-90 | BRUNAMÓTSSTAÐA VIÐKOMANDI BYGGINGARHLUTA |
| EICS-30/60 | BRUNAMÓTSSTAÐA VIÐKOMANDI BYGGINGARHLUTA |
| R | REYKSKYNJARI |
| BO | BJÖRGUNAROP |
| VLR | VÉLRÆN LOFTRÆSTING |
| LR | LOFTRÆSING |
| GS | GÓLFSTURTA |
| GN | GÓLFNIÐURFALL |
| ÞN | ÞAKNIÐURFALL |

LEYFILEGAR KÓLNUNARTÖLUR BYGGINGAHLUTA ERU:

| | |
|---|---|
| FLATT ÞAK | 0,20 W/m²K (t.d. 250 mm polystyren einangrun) |
| ÚTVEGGIR | 0,40 W/m²K (t.d. 120 mm steinullareinangrun) |
| GÓLF AÐ FYLLINGU | 0,30 W/m²K (t.d. 140 mm polystyren einangrun) |
| GÓLF AÐ ÚTILOFTI | 0,20 W/m²K (t.d. 250 mm steinullar einangrun) |
| GLUGGAR vegið meðalt. | 1,7 W/m²K (t.d. tvöfalt K-gler) |
| HURÐIR | 1,7 W/m²K |

STÆRÐ LÓÐAR: 521,6 m²

| MHL 01: Hús nr. 10 | | |
|---|---|---|
| Botnplata : | | 25,5 m³ |
| 1. hæð : | 127,6 m² | 383,4 m³ |
| 2. hæð : | 96,3 m² | 385,6 m³ |
| ALLS BRUTTO: | 223,9 m² | 794,4 m³ |
| Inngangur í flokki B: | 3,4 m² | |
| Svalir í flokki C: | 9,2 m² | |
| SAMTALS : | 236,5 m² | 794,4 m³ |

NÝTINGAHLUTFALL / SKILMÁLAR= 0,45 / 0,45

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jón Hrafn Hlöðversson
Kt. 2606626519
Dags. 16.12.2024 19:41:40
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Hafnarfjarðarkaupstaður - Byggingarfulltrúi
Dags. 16.12.2024 19:46:46
Ástæða: Byggingaráform samþykkt 11.12.24

Breytingar:

| Númer- | Lýsing- | Dags- |
|---|---|---|
| A | Breytt svalahandrið. | 04.12.2024 |


mansard
teiknistofa ehf
Holtsbúð 27 - 210 Garðabæ
www.mansard.is - jonhrafn@mansard.is
Kt.: 570394-2079 - s:862-7102


Verkheiti: HLÍÐARBRAUT 10 - HAFNARFIRÐI

Efni: AÐALUPPDRÁTTUR
AFSTÖÐUMYND-BYGGINGARLÝSING

| | | |
|---|---|---|
| Verknúmer: A-23-05-01 | Mkv.: 1: 500 | A2 |
| Teikn. nr.: A-001 | Dags.: 08.05.2023 | |
| Hannað: JHH | Teiknað: JHH | |


Jón Hrafn Hlöðversson byggingafræðingur BFÍ
Kt.: 260662-6519


Samþykkt:

Breyting
A

Samþykkt
Hafnarfjörður
Byggingarfulltrúi
















Breytingar:

| Númer- | Lýsing- | Dags- |
|---|---|---|
| A | Breytt svalahandrið. | 04.12.2024 |

**mansard**
teiknistofa ehf
Holtsbúð 27 - 210 Garðabæ
www.mansard.is - jonhrafn@mansard.is
Kt.: 570394-2079 - s:862-7102

Verkheiti: HLÍÐARBRAUT 10 - HAFNARFIRÐI

Efni: AÐALUPPDRÁTTUR
GRUNNMYNDIR - SNIÐ A-A

| | | |
|---|---|---|
| Verknúmer: A-23-05-01 | Mkv.: 1:100 | A2 |
| Teikn. nr.: A-002 | Dags.: 08.05.2023 | |
| Hannað: JHH | Teiknað: JHH | |

Jón Hrafn Hlöðversson byggingafræðingur BFÍ
Kt.: 260662-6519

Samþykkt:

Breyting
A

Samþykkt
**Hafnarfjörður**
Byggingarfulltrúi




ÚTLIT SUÐUR

K : 20.00




ÚTLIT AUSTUR




ÚTLIT VESTUR




ÚTLIT NORÐUR

Breytingar:

| Númer- | Lýsing- | Dags- |
|---|---|---|
| A | Breytt svalahandrið. | 03.12.2024 |

# mansard
teiknistofa ehf
Holtsbúð 27 - 210 Garðabæ
www.mansard.is - jonhrafn@mansard.is
Kt.: 570394-2079 - s:862-7102

Verkheiti: HLÍÐARBRAUT 10 - HAFNARFIRÐI

Efni: AÐALUPPDRÁTTUR
ÚTLIT

| | | |
|---|---|---|
| Verknúmer: A-23-05-01 | Mkv.: 1:100 | A2 |
| Teikn. nr.: A-003 | Dags.: 08.05.2023 | |
| Hannað: JHH | Teiknað: JHH | |

Jón Hrafn Hlöðversson byggingafræðingur BFÍ
Kt.: 260662-6519

Samþykkt:

Breyting
A